**Nd.** **251. Tillaga**

til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni handa samvinnufélaginu „Grími“ í Borgarnesi til kaupa á fiskiskipi.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir allt að 125 þús. kr. láni fyrir samvinnufélagið „Grím“ í Borgarnesi, til kaupa á línuveiðara, enda nemi lánið eigi meiru en 4/5 af kaupverði skipsius fullbúins til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Borgarneshrepps og fyrsta veðrétti í skipinu. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.